



## Ræða um Sjálfstæðisflokkinn og kosningar, ein ræða frá 1966 aðrar ódagsettar.

### 1. Hluti af 2.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Sjálfstæðisflokkurinn – Kosningar - 1966

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ræða Bjarna Benediktssonar, -

á fundi Fulltrúarásins - 24. júlí 1956:

Hefnar umhini biorgt.

"Referat" í Mel. 257/56.

Góðir fulltrúar, konur og karlar.

Við kosningarnar 24. júní s.l. bætti Sjálfstæðisflokkurinn við sig 6290 atkvæðum. Það er hærri atkvæðaviðbót en nokkur flokkur hefur nokkru sinni áður bætt við sig við einar kosningar hér á landi. Til samanburðar má geta þess, að Þjóðvarnarflokkurinn 1953, sem menn pá undruðust yfir, hversu mikið fylgi fékk, safnaði 4669 atkvæðum, eða mun færri atkvæðum heldur en Sjálfstæðisflokkurinn bætti nú við sig. Á þessi 4669 atkvæðum fékk Þjóðvarnarflokkurinn 1953 2 þingmenn. En þó að Sjálfstæðisflokkurinn nú bætti við sig 6290 atkvæðum, urðu úrslitin pau, að þingmönnum okkar fækkaði um 2, og höfðum við þó hlutfallslega of fáa þingmenn fyrir. Það er einnig eftirtektarvert, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei fengið herra hlutfall kjósenda en nú, sem sé 42,4 % af þeim, sem atkvæði greiddu, síðan 1933, en þær kosningar voru í raun óeölinlegar vegna þess, að þá ríkti mikil ókyrrö og upplausn í Framsóknarfloknum og verulegur hluti kjósenda hans sat heima, pannig að hlutfall okkar varð meira í kosningunum heldur en raunverulega stóðu efni til. En vitað var fyrirfram, að aftur átti að kjósa þá eftir eitt ár. En sem sagt frá þessu ári, 1933, fram á pennan dag, höfum við aldrei fengið hlutfallslega jafn mikið fylgi eins og einmitt nú. Og ef við tökum undan þetta eina ár, 1933, þá hefur það

reynst svo ætið þangað til núna, að Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur hafa undantekningarlaust fengið færra atkvæðamagn samanlagt, stundum verulega, stundum aðeins lítillega færra atkvæðamagn en Sjálfstæðisflokkurinn. Þannig var það 1953, að þá fékk Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur samanlagt 37,4 % af kjósendum, en Sjálfstæðisflokkurinn aðeins 37,1 %. Nú snýst þetta algjörlega við, þannig að Sjálfstæðisflokkurinn fær, með þessari einu undantekningu frá 1953, í allri sögu sinni, hærra atkvæðamagn en Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur samanlagt. Og það er ekkert smáræði, því að nú höfum við, eins og ég sagði, fengið 42,4 af hundraði en hræðslubandalagið fellur niður í 33,8 af hundraði. Þannig að auðséð er, hvílik straumskipti hafa orðið í stjórnmálunum við þessar kosningar. Og hræðslubandalagið allt, p.e.a.s. Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur, hafa nú minni hundraðshluta atkvæðamagns en Framsóknarflokkurinn einn hafði 1931. Þá fengu Framsóknarmenn 35,9 % af öllum kjósendum, en nú fá þessir tveir flokkar mun minna fylgi kjósenda, eða aðeins 33,8 %.

Svo lesum við það í dag í Tímanum, að þessi kosningasamtök, sem þeir kalla, að hér hafi verið komið upp stærstu pólitísku samtökunum, sem vinnandi fólk á Íslandi hafi nokkru sinni staðið að. Það eru þessi samtök hræðslubandalagsins, sem fær minna hlutfallslegt fylgi heldur en Framsóknarflokkurinn einn fékk 1931. Og maður fer þá að spyrja: Telur bænda-Tíminn/fylgið, sem Framsókn fékk 1931, að það hafi ekki verið vinnandi fólk í Framsóknarfloknum þá. Eða Alþýðublaðið, sem segir; Það var mynduð stærsta fylking vinstri manna, sem tekið hefur þátt í kosningum á Íslandi. En nú er þessi vinstri fylking

vinstri manna orðin mun minni heldur en Framsóknarflokkurinn var einn árið 1931. **Við**

Við sjáum, að hér er vissulega um mikla breytingu að ræða; en þó að hér sé ekki um að villast, að kjósendurnir hafi í heild kveðið upp dóm, og hann harðan, þefellisdóm yfir hræðslubandalaginu, þá kemur þetta ekki fram í pingsætatölunni. Því að eins og ég sagði áðan, þá fækkar þingmönnum Sjálfstæðismanna nú hiður í 19, samkvæmt því sem talið er, úr 21, en hræðslubandalagið telur sér nú 25 í stað 22 áður. Þannig eru nú kosningalög okkar og réttlæti í kjördæmaskipun. Og eins og ég sagði, þá er þetta ekki vegna þess að hræðslubandalagið hafi haft of fáa þingmenn 1953, miðað við réttlæti, a.m.k. ekki Framsóknarflokkurinn, vegna þess að verulega vantaði á, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði þingmannatölu rétta, miðað við Framsóknarflokkinn, eftir úrslitunum 1953. Og það er heldur engin nýjung þótt að við Sjálfstæðismenn bendum á, að kjördæmaskipunih sé ekki réttlát og að hún purfi breytingar við. Þvert á móti þá er það strax fyrir kosningar 1953, í árslok 1952, lögðum við Sjálfstæðismenn í stjórnarskrárnefndinni fram okkar tillögu um breytingar á stjórnarskránni, og þ.á.m. gjörþreytingu á kjördæmaskipun, og meira að segja lögðum við fram two möguleika, sem við sögðum, að til álita kæmi. Við erum allir sammála um annan þeirra, en tveir töldu, að til greina gæti komið að skipta landinu öllu í ~~menning~~<sup>ein-</sup> menningsskjördæmi en Reykjavík fengi þar um sæmilegt jafnrétti á við aðra. Við Sjálfstæðismenn erum þeir einu, sem höfum lagt fram tillögur um lausn stjórnarskrármálsins. Okkar andstæðingar hafa ekki einu sinni fengist til þess að taka afstöðu til okkar tillagna, að segja hvort

þeir væru með þeim eða móti.

Nú var hinn nýi forsætisráðherra að lesa upp í útvarpinu áðan, að þessi nýja stjórn ætlaði að beita sér fyrir að lokið væri endurskoðun stjórnarskráinnar. Ja, það er þá gott, ef þeir fá málíð á þessu kjörtímabili. Þeir hafa ekki fengist til að láta uppi neinar tillögur um málíð öll þau ár, sem búið er að vinna að endurskoðuninni. En það var eftirtektarvert einnig, að það var látið svo, sem stjórnars-  
þessir/flokkar myndu saman gera tillögur, og við sjáum þá, að þá eiga þær að miðast að því, að þær verði eitthvað, sem þeim komi saman um, en minna hirt um það, hvort þær geti fallið Sjálfstæðisflokknum í geð eða ekki. Þeir um það, hvernig þeir koma sér saman um að gera tillögurnar. Það er mikill ávinnungur, ef þeir fást þó til þess að gera einhverjar tillögur, en það hafa þeir ekki fengist til fram að þessu. Og Framsóknarflokkurinn hefur alltaf frá 1931 reynt að drepa endurskoðun kjördæmaskipunarinnar á dreif, og ef hann hefur fengist til að gera einhverjar tillögur, þá hafa þær verið gersamlega ófullnægjandi fyrir alla aðra en sjálfa þá.

Um kjördæmaskipunina er það að segja, að hún er nú mjög til hags hinum fámennari kjördæmum. Fyrir því má færa viss rök og ég skal ekki fara að rekja það mál allt hér í kvöld. Og það er sök sér, þótt hún sé að einhverju leyti til hags hinum fámennari kjördæmum. Það, sem miklu verra er, er að oft ræður algjör til viljum styrkleika flokkanna, svo að sleppt sé, að-farið þegar farið er út í beina misnotkun á kosningalögum og gengið fram hjá ákvæðum þeirra og stjórnarskrár, eins og nú var gert. Mið verðum að átta okkur á, að í landi, þar sem hve kjördæmaskipun og kosningalög eru eins og á Íslandi, þá er ekki við

því að búast, og þjóðhættir að öðru leyti eru þeir, sem hér eru, þá er ekki að búast við hreinum meirihluta einstakra þingflokkja. Ekki meirihluta, sem hafi við a.m.k. nægt þjóðarfylgi að styðjast. Og súkur meirihluti einstaks heilsteypts flokks hefur aldrei orðið síðan nútímaflokkaskipun hófst á Íslandi. Framsóknarflokkurinn vann að visu með sínum 35,9 % meirihluta á Alþingi 1931, en sá meirihluti entist þó ekki til þess að fá meirihluta í Efri-deild og kom flokknum ekki að gagni, heldur varð honum ein mesta ógæfa.

En, þegar við höfum petta í huga, að eins og til háttar megi ekki búast við hreinum meirihluta á Alþingi, þá má segja, að ef t.d. allir flokkarnir, aðrir en Sjálfstæðisflokkurinn, taka saman höndum um afgreiðslu einhvers máls, þá gengur það kraftaverki næst, ef Sjálfstæðisflokkurinn einn getur við kosningar hnekkt súkri ákvörðun. Þannig mátti í raun og veru segja, að um leið og Sjálfstæðismenn voru einangraðir um afgreiðslu varnarmálanna á Alþingi í veturn og allir hinir þingflokkarnir tóku saman höndum um afgreiðslu þess máls, þá mátti segja að málinu væri þar með til lykta ráðið. Það var ekki innan þess sem var hægt/segja ~~mátti~~, að væri sennilegt, líklegt í stjórnmálum, að Sjálfstæðisflokkurinn einn gæti unnið svo á, að þessari ákvörðun allra hinna flokkanna yrði hnekkt. Jafnframt verðum við þó að segja, að ef þessar kosningar, sem nú eru um garð gengnar, sýna nokkuð, þá sýna þær að meirihluti þjóðarinnar er Sjálfstæðismönnum sammála í þessu meginmáli, svo við tökum það. Eða hvernig er hægt að skyra hina stórkostlegu fylgisaukningu Sjálfstæðisflokkssins, þau straumskipti, sem verða í afstöðu almennings til Sjálfstæðisflokkssins, sem hefur sannast sagt hefur verið ~~síðan~~ að

smádala í fylgi alltaf frá 1933, að nú snýst straumurinn alveg, við, pannig að við fáum þessa miklu fylgisaukningu. Hvernig er hægt að skyra hana á annan veg en þann, að almenningsálitið hafi verið okkur fylgjandi í þeim meginmálum, og þá ekki sízt varnarmálínu, í þeim meginmálum, sem um var varizt. Og þá ekki sízt, þegar haft er í huga, að þó að við héldum viðast hvar velli, með undanteknum, sem aðeins staðfesta regluna, og viðast hvar meira en héldum velli, heldur unnum á, svo sem sýnt hefur varið fram á í blöðum, þá var þó fylgisaukningin mest, þeði þar sem mestir eru möguleikar til frjálsrar skoðanamyndunar, án þess að áhrif eða kúgun nokkurrar atvinnustofnunar, samtaka eins og kaupfélaganna og annars sliks, getur komið til greina, p.e.a.s. hér í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Og þetta þegar þetta er einmitt á þeim slóðum, þar sem fólkið pekkir bezt til um það hvort varnirnar hafi reynst sú þjóðarspilling, sem okkar andstæðingar héldu fram eða ekki. Sá dómur, sem kjósendurnir á þessum slóðum kváðum upp, sýnir eins ótvírætt eins og verða má, að það eru við Sjálfstæðismenn, sem túlkum vilja þjóðarinnar í þessu máli, en ekki okkar andstæðingar. En hverjum getur blandast hugur um, að svo lítill hluti, þeði Framsóknarfloksins og Alþýðufloksins, sé okkur sammála t.d. í varnarmálínu, að jafnvel þótt við gerum ráð fyrir, að auðvitað eru nokkrir Sjálfstæðismenn, sem eru þar á öndverðum meiði við Flokksheildina, þó að þeir séu ekki margir, að þó að við gerum ráð fyrir því, að þá sýna þessar kosningar, að ef þjóðaratkvæði væri látið fara fram um varnarmálín, og þau ein, þá mundi stefna okkar Sjálfstæðismanna verða þar ofan á. Kosningaúrslitin sanna það svo skýrst sem verða má. Hitt verðum svo að játa, að

andstæðingar geta sagt með sanni, ja, hvað sem  
pessum bollaleggingum líður, þá liggur það fyrir,  
að við, allir hinir flokkarnir, sögum kjósendum,  
hvað við ætluðum að gera í varnarmálunum, hvort sem  
það var sagt nóg skýrt eða ekki, er annað mál,  
þeir sögum kjósendum það, og kjósendurnir verða að  
vera við því búinir og treysta því, að úr því að  
þeir þrátt fyrir allt kusu þessa flokka, þá fari  
þeir sínu fram um lausn varnarmálsins og afgreiði  
málið í samræði við þingsályktunartillöguna nú í  
marzlok. Það er töluvert til í þessu; **ég-geit-ekki**  
**séð-annað** kjósendur geta ekki héðan af kvartað  
yfir að málið sé afgreitt á pennan veg úr því að  
þeir á annað borð létu flokksböndin ráða, en ekki  
sannfaringu sína um afgreiðslu meginmála, að þá er  
eðlilegt að flokkarnir segi: ja, við komum til  
ykkar, við báðum um umboð á þessum grundvelli, við  
fengum umboðið eftir að við vorum búinir að segja  
ykkur, hvað við ætluðum að gera, og þá eru bæði  
við flokkarnir og þið kjósendurnir við það bundnir.  
Þetta er lýðræðislega rétt. En um leið og við játum  
það, þá erum við þar með að játa aðra meginstaðreynd,  
að ef við teljum það að það leiði af því að flokkar  
koma til kjósenda með ákveðna stefnuskrá og eru  
kosnir í trausti þess að hún sé framkvæmd, þá séu  
þeir við það bundnir, að af þessu hlýtur líka að  
leiða, að nú þegar hræðslubandalagsflokkarnir koma  
og mynda ríkisstjórn með kommúnistum, þá gera þeir  
það án umboðs og þvert ofan í það umboð, sem þjóðin  
veitti þeim. Hræðslubandalagið og þess fulltrúar lýstu  
því yfir, æ ofan í æ, í blöðum sínum á óteljandi  
kjósendafundum um landið, í síðustu orðum, sem þess  
síðasti fulltrúi, Haraldur Guðmundsson, mælti í út-  
varpið og í stjórnarblaði núverandi forsætisráðherra,  
Tímanum, hvað eftir annað dagana fyrir kosningar, að

það kæmi ekki til mál að vinna með kommúnistum eftir kosningar og Hræðslubandalagið myndi alls ekki gera það.

Pessar yfirlýsingar hafa ekki farið framhjá einum einasta kjósanda í landinu. Það skiptir ekki mál, þó að súlikar yfirlýsingar séu ákaflega heimskulegar. Það er ekki við öðru að búast heldur en einhverju skrytnu frá þessum mönnum yfirleitt. En jafnvel þótt petta sé í samræmi við annað peirra atferli, að gefa súlikar yfirlýsingar, og ég vil vekja athygli á því, að við Sjálfstæðismenn, og segi ég það alveg óhikað, við Sjálfstæðismenn höfum aldrei í allri okkar baráttu gegn kommúnistum, gefið súliku yfirlýsingu. Einfaldlega vegna þess, að þó að við berjumst harðalega á móti kommúnistum, að þó að við berjumst harðalega á móti Framsóknarmönnum, þó Alþýðuflokknum, þá vitum við það, að það verða málefni, sem verða hverju sinni að ráða, það verður að fara eftir málefnum, hvort unnið er með einhverjum flokki eða ekki. Við unnum með kommúnistum á nýsköpunartímanum, af því að þá stóðu málefni pannig, að með þeim var hægt að vinna. Þegar það kom á daginn og sannaðist, árið 1946, að kommúnistar í tilteknum málum segtu rússneska hagsmuni ofan íslenzkum, þá slitnaði stjórnarsamvinnan. Það var sjálfsgagt mál. Og síðan hafa málefni staðið pannig, að ekki hefur komið til greina samvinna milli Sjálfstæðismanna og kommúnista. Og til þess að súlik samvinna komi til greina, þá eru það auðvitað kommúnistar, sem purfa að breytast, en ekki Sjálfstæðismenn. Alveg eins er það, að þó að Framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn kepptust við að lýsa því yfir fyrir kosningar, að þeir ætluðu ekki að vinna með okkur, þá lýstum við aldrei yfir súliku yfir gagnvart þeim. Það var ekki vegna þess að þessir menn séu okkur svo geðfeldir, heldu

vegna þess að við teljum og töldum, að það  
yrði að fara eftir málafnum, lausn vandas  
yrði fundin á hverjum tíma, hverjir ynnu saman,  
og umfram allt, það verður og er aðsta skylda  
stjórnmálauflokkanna að sjá landinu fyrir  
löglegri ríkisstjórn. Ef þeir gera það ekki,  
þá svíkjast þeir undan sinni helgustu skyldu.  
Þess vegna verð ég að segja, að það sýnir meiri  
proska og skilning okkar Sjálfstæðismanna á  
viðfangsefnunum, á þeirri skyldu, sem hvílir á  
okkur, sem höfuðstjórnmálauflokki landsins, að  
við höfum aldrei lýst því yfir, hversu ógeðfelldur  
sem einhver stjórnmálauflokkur kanh að vera, okkur,  
ógeðslegur vil ég segja, að það komi aldrei  
til mála að vinna með honum. Úr því verða  
málefnum á sínum tíma að skera. Þán á þessu  
höfðu okkar andstæðingar ekki skilning. Þei  
það voru þeir, en ekki við, sem fóru um landið  
og lýstu því yfir, að þeir ætluðu bara tveir að  
vinna saman, nema að manni skildist, að þeir  
myndu í neyðartilfelli vinna með Þjóðvarnar-  
flokknum, nú hann datt nú upp fyrir hvort sem  
var, svo á það þurfti nú ekki að reyna, en Fram-  
sóknarflokkurinn hefur nú mikið unnið til þess,  
m.a. gert sig að veraldarviðundri til þess að  
reyna að koma Þjóðvarnarflokknum fyrir kattarnef,  
en hefði nú ekki verið þægilegra/að hafa two  
Þjóðvarnarmenn á þingi, til þess að geta gripið  
til þeirra, heldur en að þurfa að ganga til  
kommúnista og semja við þá, eftir allar yfirlýsingarnar, sem gefnar voru. Nei, fár veit hverju  
fagna skal. Það voru þessir menn, Hræðslubanda-  
lagsmennirnir, sem fóru um landið og sögðu: Með  
Sjálfstæðismönnum og með kommúnistum vilt- vinnum  
við aldrei, þ.e.a.s. aldrei á því kjörtímabili.

sem nú var verið að efna til. Og þeir sögðu-  
ekki-aðeins takmörkuðu þetta ekki aðeins við  
íhald, Sjálfstæðismenn, og kommúnista, heldur  
tóku það alveg ótvírtt fram, að þessi yfirlýsing  
ætti við Alþýðubandalagið.

Á þessum grundvelli og í trúnaði á hana  
greiddu kjósendar atkvæði 24. júní. Ef mönnum  
á að líðast að ganga frá slíkum skýlausum,  
skilorðslausum yfirlýsingum, sem þeir gefa fyrir  
kosningar, og ná kjöri á þeim forsendum, ef þeim  
á að líðast slikt, þá verður sannast sagt að  
segja, ja, til hvers eru yfirleitt kosningarnar?  
Til hvers eru stefnuskrár, orð og eiðar? Er  
þetta ekki allt innihaldslaust, skrum, ef á að  
vera hægt nokkrum dögum eftir kosningar að  
ganga svo gjörsamlega á bak öllu því, sem sagt  
hefur verið, eins og þessu.

Tíminn í dag segir raunar: að það beri að  
meta meira eitthvað annað, sem hann telur upp,  
en yfirlýsingar, sem byggst höfðu á öðrum for-  
sendum. Ja, það voru ekki teknar fram neinar  
forsendur, sem þessar yfirlýsingar byggðust á  
fyrir kosningar. Þið hafið sjálfsagt öll heyrt  
Harald Guðmundsson, hvaða fyrirvara eða forsendur  
hann hafði varðandi sínar yfirlýsingar. Það  
hafa verið prentaðar upp eftir kosningar ljós-  
myndir af yfirlýsingum Tímans á kosningadag eða  
daginn fyrir kosningadag. Og menn geta rifjað  
það upp með því að fletta í blöðunum frá þessum  
tíma. Þá var ekki verið með neina fyrirvara  
eða forsendur þyrfti  
að gilda á einhverjum forsendum, sem kynnu að  
bregðast. Forsendurnar voru alveg þær sömu og  
þær eru í dag. Og sérstaklega vil ég vekja

athygli á því, að nú segja þessir menn, og það er held ég tekið fram í báðum blöðunum í dag, a.m.k. alveg óvitrætt í Alþýðublaðinu, og það er eins og það sé sama verksmiðjan, sem skrifar leiðarana, þó að það sé sett upp í dálítið mismunandi röð í Tímanum og Alþýðublaðinu.

Þeir segja í Alþýðublaðinu: það var mynduð stærsta fylking vinstri manna, sem tekið hefur þátt í kosningum á Íslandi. Og það er þessi fylking umbótaflokksanna, sem gert hefur auðið að poka íhaldinu til hliðar í íslenzkum stjórn-málum. Þeg þeir ætla nú kankske ekki að missa fylgi, 10 hvern kjósanda sinn, sem gerði það auðið að poka okkur til hliðar, því að við unnum meiri viðbót heldur en nokkur annar stjórnmálauflokkur hefur fengið.

En það, sem gerst hefur, ósköp einfaldlega, er það, að þeir taka ákvörðun um að vinna með kommúnistum. En alltaf, frá því kommúnistar komu á Alþingi, hefur verið möguleiki fyrir Alþýðuflokkinn og Framsóknarflokkinn að víkja Sjálfstæðisflokknum til hliðar, ef þeir vildu vinna með kommúnistum. Allt síðasta kjörtíma-bil, allan tímann frá 1950, tvö kjörtíma-bil, sem við höfum unnið einir með Framsókn, hefði Framsóknarflokkurinn á hvaða stundu, sem hann vildi, getað sloppið frá hinu leiða samfélagi við íhaldið, sem þeir þykjast nú hafa svo mikið á móti, með því að taka pá einföldu ákvörðun að vinna með kommúnistum. Í þessu hefur ekkert breyst. Forsendurnar eru nákvæmlega þær sömu, eins og þær voru fyrir kosningar. Alþýðubanda-lagið er alveg það sama, eins og Tíminn og Haraldur Guðmundsson og Eysteinn Jónsson og hvað

þeir heita nú allir saman, fordæmu fyrir kosningar, og sögðu að væri ekkert annað en kommúnistaflokkurinn dulbúinn.

Það sýnir svo aðeins ófullkomleika okkar ~~þjálfaskrá~~ kjördæmaskipunar, að það skyldi aðeins muna hérsbreidd, nokkum tugum atkvæða, að pessi 33,8 %, sem þá hefði kannske þurft að verða 33,9 %, ég hefi ekki reiknað það, út, af öllum kjósendum landsins, gætu fengið hreinan meiri-hluta á Alþingi. Það munar ekki nema örfaum atkvæðum, að pessi aðeins þriðji partur, sem lafir í aðeins þriðja parti kjósenda, að þeir gætu fengið hreinan meirihluta á Alþingi. En jafnvel þó að þeir hefðu fengið þar meirihluta, þá var auðvitað alveg vitað frá fyrsta degi, að án ~~séttar~~ samstarfs og raunverulegara yfirráða kommúnista, að slík stjórn, þó að hún ~~hefði~~ ~~þázz~~ ~~aðxeðxzfórmaleg~~ við að styðjast formlegan meirihluta á Alþingi, gjörsamlega máttlaus.

Pess vegna skulum við alveg gera okkur grein fyrir og festa okkur í minni, að á þeim degi, sem Hermann Jónasson(hrinti)Framsóknarflokkinn og Alþýðuflokkinn til þess að lýsa því yfir, að þeir vildu ekki vinna með Sjálfstæðismönnum á því kjörtímabili, sem nú er að hefjast, á sama degi og þessir flokkar gengu í þá gildru, án þess að gera sér grein fyrir til hvers hún leiddi, þá afhenti Hermann Jónasson kommúnistaflokknum lykilinn að völdunum á Íslandi. ¶

Við, forustumenn Sjálfstæðisflokkins, gerðum okkur grein fyrir þessu, og vékum að því meira eða minna ~~sp~~ fyrir kosningar, eftir því sem við töldum hyggilegt vera. Það má segja, og ég játa það, að okkar misreikningur, ef

við pannig getum talað um hann, hafi legið í því, að Hræðslubandalagið hélt betur en við gerðum ráð fyrir. Við trúðum því ekki fyrirfram og að óreyndu, að kjósendur í jafn ríkum mæli og raun varð á, léti verzla með sig, en við skulum að vísu játa, að þó að petta yrði niðurstaðan viða, þá var hræðslubandalagið hér um bil allsstaðar fyrir verulegum hnækki og beið í heild meiri kosningaósigur heldur en flokkar hafa lengi gert aðrir hér á landi. Þó að petta einkennilega skeði, að þeim mun færri atkvæði, sem flokkarnir fá, þó vissu marki, þá fá þeir fleiri þingmenn. En við töldum sem sagt og gerðum okkur ~~aldelei~~<sup>ætið</sup> grein fyrir, að það voru ekki líkur fyrir því, að Sjálfstæðisflokkurinn einn gætu fengið hreinan meirihluta. Enda léturnum við mjög lítið af því í kosningabaráttunni, af því að við töldum að það væri villandi. Það, sem við gerðum ráð fyrir, var að hræðslubandalagið gæti fengið slika útreið, gæti e.t.v. tapað kjördæmum a.m.k. án þess vinnings, sem var búið að reikna út, og þá yrði sannast sagt bylting í þessum tveimur flokkum, sem gerði það að verkum, að ~~xizsažki~~<sup>menn</sup> vitrari menn yrðu þar ofan á heldur en þar hafa ráðið nú um sinn. Þegar ég segi vitrari menn, þá vil ég þó hafa þann fyrirvara á, að þó að margt megi um Hermann Jónasson segja, þá tel ég alveg vist, að hann hafi gert sér grein fyrir þessari staðreynd strax frá upphafi, að hann var að afhenda kommúnistum úrslitafáðin yfir íslenzkum stjórnmálum. En hann gat ekki fengið fylgismenn sína, hvorki í Framsóknarflokknum né í Alþýðuflokknum til þess að

fallast á petta fyrir kosningar. Það varð að vera að þessu miklu lengri aðdragandi, að magna meira upp hatur og óvild til Sjálfstæðismanna, að smávenja þá við það, að petta allt saman væri nú eina ráðið fyrir þá að ~~fylgjum~~ kyngja yfirlýsingunum varðandi kommúnista, vegna þess að þrátt fyrir allt væru nú kommúnistar minni flokkur en Sjálfstæðisflokkurinn og þess vegna þeim síður hættulegur, hvað sem reynast skal nú í því. En það var markvisst unnið að því að þylja það fyrir Framsóknarmönnum og Alþýðuflokksmönnum hvað til stæði og andúðin gegn hugsanlegri samvinnu við kommúnista var svo rík meðal kjósenda beggja þessara flokka, að þess vegna var hert á yfirlýsingunum um, að ekki kæmi til mál a samvinna við kómmúnista, eftir því kosningarnar nálguðust. Eingöngu vegna þess, að forsprakkarnir fundu, að ef ekki var skorið alveg skýlaust úr um þetta, þá var stór hætta yfirvofandi á enn meira fylgishruni hjá hræðslubandalaginu heldur en þó raun bar vitni um að lokum. Forsendurnar, sem breyttust, voru sem sé þær einar, eftir kosningar, að kommúnistar sögðu afdráttarlaust, að ef þeir fengju ekki fulltrúa í ríkisstjórn, þá mundu þeir hvorki deginum lengur stjórn, sem Hermann Jónasson kæmi upp, né sætta sig við þingsetu þessara fjögurra Hræðslubandalagsmanna, sem komnir eru með rangindum inn á Alþingi. Og það voru þessar hótanir kommúnista, sem gerðu það að verkum, að þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar eru-nú hefur nú hin nýja ríkisstjórn verið mynduð.

Það segir einhversstaðar, að laun

syndarinnar eru dauðinn, og ég held, að petta megi til sanns vegar færa upp á Alþýðuflokkinn. Kosningaklækirnir, sem hann lét Framsóknarflokkinn freista sig til, koma honum nú svo í koll, að Hermann þurfti ekki annað en að sveifla pessari svipu, hótun kommúnista um að þeir stæðu við yfirlýsingar sínar frá því fyrir kosningar, um að pessir ranglega kjörnu menn skyldu skilorðslaust reknir út af Alþingi, petta var dag eftir dag boðað í Þjóðviljanum og á móta skýrt í Útsýn, málagni hræðslubandalagsins? Það var með pessari svipu, sem Alþýðuflokkarinn var kúskáður til þess, nauðugur eða viljugur, að gefa í raun og veru upp alla sjálfstæða tilveru, og taka að lokum því, sem Hermann Jónasson skammtaði, að fengnu samþykki kommúnista í hlut Alþýðuflokkssins, bæði varðandi málefnaðasamning og málefnameðferð innan pessarar nýju ríkisstjórnar.

Nú um gang stjórnarmyndunarinnar þarf ekki að fjölyrða. Það er vitað, komið fram af yfirlýsingum, að pessir tveir flokkar, tóku upp samvinnu og samtök sín á milli um myndun ríkisstjórnar svo fljótt eftir kosningarnar sem menn yfirleitt gátu náð saman. Hvað sem líður þessum fjórum þingmönnum, þessum ranglega kjörnu þingmönnum, þá er það óvífengjanlegt, að pessir þrír flokkar saman, Alþýðufl., Framsókn og Alþýðubandalagið, peir hafa réttilega kjörinn meirihluta á Alþingi, þótt við sleppum þessum fjórum; þess vegna var það eðlilegt, að um leið og vitað var, að pessir þrír flokkar væru byrjaðir tilraunir til myndunar ríkisstjórnar sín á milli, þá biðum við Sjálfstæðismenn átekta og

höfðumst ekki að fyrr heldur en við sœjum  
hvernig þessum tilraunum lyki. Þinglegur  
meirihluti á rétt á, eins og honum ber skylda  
til, að ~~þ~~já ríkinu fyrir þingræðisstjórn. Þess  
vegna var það sjálfsagt, að úr því peir gátu  
komið sér saman að byrja tilraunirnar; <sup>að</sup> peir  
fengu hæfilegan tíma til þess, án þess að  
við Sjálfstæðismenn færum til forseta og óskuðum  
t.d. eftir því að þing væri hvatt saman eða  
óskuðum eftir því sjálfir, sem stærsti þing-  
flokkurinn, að fá að mynda stjórn. Úr því að  
meirihlutinn gat komið sér saman um tilraun-  
irnar, átti hann rétt á því að fá hæfilegan  
tíma til að ljúka þeim. Það var ekki fyrr  
heldur en þær fóru að dragast verulega á lang-  
inn að þingflokkur Sjálfstæðismannaákvæð að  
fara þess á leit við forseta Íslands, að  
Alþingi væri hvatt saman. Nú, forseti taldi,  
sem eðlilegt var, að það væri rétt að kanna,  
hvað meirihluti þings teldi um petta, og hann  
tók ekki afstöðu til þess fyrr en hann var búinn  
að kynna sér skoðun meirihlutans, og þá kom í  
ljós, að umboðsmenn meirihluta Alþingis óskuðu  
eftir því að fá nokkurn frekari frest til þess  
að ljúka sínum tilraunum. Og á þeim fresti þá  
heppnaðist þeim að koma ríkisstjórninni saman.  
Ég vil taka alveg skýrt fram, að ég tel, að  
þessi stjórn sé ~~alveg~~ þingræðisþega rétt mynduð  
og bæði af hálfu forseta Íslands og af hálfu  
þessara þriggja flokka sé að því leyti alveg  
rétt að farið. Að því leyti. En það breytir  
ekki efni málsins, að meirihlutinn er fenginn  
með því, að hræslubandalagsflokkarnir ganga  
algjörlega frá þeim yfirlysingum, sem peir

gáfu fyrir kosningar, og verður að telja forsendu fyrir þingsetu svo margra þeirra þingmanna, sem kosnir voru. Að nokkur hluti þessara svokölluðu þingmanna er að réttum lögum ranglega kjörinn, og að kommunistar notuðu sína aöstöðu til þess, í stað þess, eins og ætla varð eftir yfirlýsingum þeirra fyrir kosningar, að krefjast þess skilyrðislaust, að þessir ranglega kjörnu menn væru settir út af þinginu, þá notuðu þeir þessa aöstöðu til þess að knýja Alþýðuflokkinn til samkomulags, sem öllum sjálfstæðum flokkum er sannast sagt óboðlegt, og hlýtur að leiða til þess, að sjálfstæð tilvera Alþýðuflokkssins er héðan af í raun og veru úr sögunni og hlýtur að hafa í för með sér, að nokkrar þúsundir bætast við þær þúsundir, sem yfirlágu Alþýðuflokkinn við kosningarnar. Að nokkrar þúsundir muni til viðbótar bætast við nú þegar í andstöðufylkingu þessarar ríkisstjórnar meðal kjósendanna.

Ég geri svo ráð fyrir því, að þessi nýja ríkisstjórn, enda mátti skilja það af ummælum Hermanns Jónassonar áðan, að hún flýti sér ekkert að því að kalla saman Alþingi. Hún ræður því í raun og veru. Við því er ekkert að segja, hvenær hún gerir það. En hún vill sjálfsagt, hún segir: ég vil hafa næði til þess að undirbúa míن mál. Það, sem hún vill auðvitað fyrst og fremst hafa næði til, er að láta kjósendurna gleyma því, að fjórir menn eru þarna ranglega settir inn á Alþingi og að einn af stjórnarfloknum var búinn að lýsa því alveg skýlaust yfir, að hann væri sammála okkur Sjálfstæðismönnum um, að þessir menn

væru ranglega kosnir. Það á að reyna að láta fólkið gleyma þessu, áður heldur en kjörbréfin verða úrskurðuð á Alþingi í haust. En við Sjálfstæðismenn munum nú sjá um það, að það falli mönnum ekki alveg úr minni og að halda því bæði við meðal almennings og vekja það upp aftur þegar Alþingi kemur saman, hvenær sem það verður.

Það eru sízt ýkjur þó að sagt sé, að óefnilega sé af stað farið og væri vissulega vonandi, að betur rættist úr en til er stofnað. Sumir tala mikið um það, að pessi ríkisstjórn taki við á mjög erfiðum tínum og eigi við mjög mikla erfiðleika að etja, og Hermann Jónasson, forstætisráðherra, gerði mjög mikið úr því í ræðu sinni áðan, að nú væru miklir erfiðleikar framundan og mikill vandi fyrir höndum. Ég verð nú að segja það, ja, það eru auðvitað erfiðleikar nu fyrir höndum nú, eins og ætíð eru og hafa verið í mannlegu lífi og vissulega eru alltaf vandamál, sem þarf að leysa, en það er alveg sérstakt um þá erfiðleika, sem nú eru framundan, ef þeir reynast einhverjir, og skal ég ekki mikið um það segja, að þeir eru allir heimatilbúnir. Þeir eru allir búnir til af þeim mönnum, sem nú eru að taka við stjórn. Það segja margir, hvernig verður um utanríkismálín? Verða þau ekki ákaflega erfið viðureignar fyrir pessa menn? Ja, ég játa það, að ég hefi ekki hugmynd um það, hvort þau viðureignar verða erfið/eða ekki. Ég get ekki gert mér neina grein fyrir því, hvernig okkar bandamenn eða vestranar lýðræðispjóðir yfirleitt bregðast við því, að nú eru kommunistar teknir upp í ríkisstjórn, að nú er í fyrsta skipti um margra ára

tímabil svokölluð alþýðufylking stofnuð, p.e. eitt af þeim fyrirbærum, sem vestrænar þjóðir telja einna hættulegast, einna bestan Trójuhest kommunísmans gegn frjálsum þjóðum. Það getur skeð, að þetta geri okkur íslendingum ekki meitt til út á við, og betur færi að svo yrði. En að svo miklu leyti sem varnarmálin t.d. og samstarf okkar við Atlantshafsríkin kanna að verða erfið fyrir þessa ríkisstjórn, þá skulum við minnast þess, að þeir erfiðleikar eru búnir til að þessari sömu samfylkingu. Það voru þeir, sem með samþykkt hinn 29. mars s.l. sköpuðu þessa erfiðleika. Og þeim er þá líka sannst að leysa þá. Það verður að segja það alveg eins og það er. Þeir menn, sem nú eru valdir til þess að leysa okkar sambúðarvandamál við vestrænar þjóðir, og ef svo má segja til þess að sannfæra vestrænar þjóðir um, að þrátt fyrir uppsögn varnarsamningsins, ætlum að verða tryggir samstarfi lýðræðispjóðanna og sérstaklega Atlantshafsbandalaginu; hafið þið veitt því athygli, að mennirnir, sem valdir eru núna eftir á, til þess að sannfæra lýðræðisheiminn um tryggð okkar við hann og við Atlantshafsbandalagið, þrátt fyrir uppsögn varnarsamningsins, að í núverandi ríkisstjórn eru aðeins tveir menn, af sex, sem voru fylgjandi Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma. Tveir menn af sex. Þeir peirra, af núverandi ráðherrum, greiddu beinlinis atkvæði á móti, þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið. Og sjálfur forsætisráðherrann sat hjá vegna þess að hann kvaðst ekki vilja bera ábyrgð á samningsgerðinni og var búinn að reyna með öllum mögulegum

ráðum að dreifa málínu á Alþingi. Nú er það  
þessi ríkisstjórn með tvo fylgjendur Atlants-  
bandalagsins á sínum tíma, en fjóra, sem raun-  
verulega voru á móti og þrír beint greiddu  
atkvæði á móti, sem valdir eru/með kommúnistum  
til-þess að sannfæra

og við séum einlægir fylgismenn Atlantshafs-  
bandalagsins. Ég veit ekki, hvort það skiptir  
yfirleitt miklu mál, hvert hvað menn telja  
um það, að við séum lýðræðisvinir eða ekki. Ég  
tel, að kosningarnar hafi sýnt alveg ótvírætt,  
svo ótvírætt, að sjaldan hafi ótvíræðari þjóðar-  
úrskurður komið um nokkurt mál, að kjósendurnir  
vilja, að við séum með lýðræðispjóðunum, og hvað  
sem varnarmálunum líður, þá séum við tryggir  
meðlimir Atlantshafsbandalagsins. En þá er  
einkennileg tilviljum, að þessir menn, sem nú  
segja þetta ákaflega vandmeðfarið og nú verði  
að halda vel á, við megum ekki spilla neinu,  
að þá velja þeir ríkisstjórn, þar sem aðeins  
tveir eru sannanlega, sem ætíð hafa verið með  
Atlantshafsbandalaginu. Hér er heldur ekki  
giftusamlega af stað farið. En vonandi rætist  
bætur úr því heldur en þessi fávislegu ráð  
benda til.

Nú, um efnahagsmálín er það svo, að flestir  
erfiöleikarnir þar eru skapaðir af kommúnistum  
og aftaníossum þeirra í Alþýðuflokknum. Ef  
þessir menn vilja, þá er þeim hægurinn hjá að  
leysa þann vanda. Og vissulega hefði það verið  
töluvert mikils virði, ef það hefði verið komið  
fram fyrir okkur í kvöld og sagt: ja, hin nýja  
ríkisstjórn er buin að finna lausn á vandanum.  
Eða var það sagt? Nei, það var sagt, að það  
ætti að skipa nefnd til þess að finna lausn

á vandanum.

Ég held nú sannast sagt, þó ég hafi nú aldrei verið í stjórn með kommúnistum, þá var ég nákominn þeirri stjórn, sem okkar ágæti formaður, Ólafur Thors, veitti forstöðu á sínum tíma, og ég held að ég hafi að minnsta kosti

lært það af þeirri stjórn, að það væri vissara að vera búinn að semja við kommúnistana fyrirfram um eitthvað. Ég skal ekki halda því fram, að þeir hafi svikið skriflega gerða samninga, en ég verð að segja, að það væri ákaflega mikið/~~þegilegра~~ að vera búinn að tryggja sig fyrir fram í samvinnu við þá góðu herra, ef ekki alltof mikið eftir á.

En hér er sem sagt allt komið undir því að kommúnista breyti um stefnu frá því sem verið hefur, og það er gott ef það tekst. Því ber að fagna. En við eigm eftir að sjá hvernig til tekst. Það er að vísu látið skýna í það í yfirlýsingunni, það var talað um það, að það ætti að eyða milliliðagróða og braski. En þó að þar gætu sumir eitthvað af höndum látið vafalaust, þá er ég nú ósköp hræddur um, að það verði <sup>ryr</sup> minni eftirtekjan af þeirri slátrum, þegar þar að kemur. Ég er ósköp hræddur um það, að það verði eins og Framsóknarmenn sögðu fyrir kosningar, að þau verði mörg þjónustugjöldin, sem sem þá verða kölluð í stað milliliðagróða áður, þegar á að fara að sækja pennan gróða, þar sem hann er mestur, en það er til Sambands íslenzkra samvinnufélaga og annarra slíkra aðila.

Nei, slíkt mun reynast haldlítið varðandi raunverulega lausn vandamálanna. En það getur auðvitað komið að gagni að öðru leyti, það

getur orðið yfirskynsástæða til þess að hefja eltingarleik og ofskynir gegn heilum stéttum og einstaklingum, ef svo bíður við að horfa. Það getur líka orðið ástæða eða átylla til þess að þess flokkar komi á þeim höftum og bönnum og allsherjaríkisafskiptum, sem eru raunverulega ástæðan fyrir skoðanamun okkar og þeirra. Ég veit, að þeir munu fara vægilega í slikt til að byrja með, þeir munu láta vingjarnlega við sem flesta hópa, sem ekki á að leiða til slátrunar í það og það skiptið og segja - hér á svo sem ekkert að ske. Mér var sagt, að Albýðublaðið hefði um daginn sagt það, að það ætti ekki einu sinni að skerða hárá höfði mínu, það er auðvitað ákaflega vingjarnlega mælt, en ég segi a.m.k. að ég læt ekki blekkjast af sliku tali og ég er sannfærður um það, að kjósendur og Sjálfstæðismenn um land allt, þeir munu skilja fyrr en skellum í tönnunum, og að þeir munu ekki láta bliðmáli þessara manna villa sig frá því, sem er þeirra raunverulega fyrirætlun og vilji. Og, ja, þeir játa að vísu, að þeim er trúandi til þess að svíkjastefnu sína í einu og öllu, eins og þeir hafa gert varðandi yfirlýsingarnar, sem þeir gáfu fyrir kosningarnar, en ég ítreka, það, sem fram að þessu hefur verið aðalskoðanamunur milli okkar og hinna er það, að við erum með frjálsræði, þeir með höftum og bönnum. Og ef þeir ætla að líka að svíkja höftin og bönnin, er þeim þá ekki miklu næst að leita bara í skjól okkar og segja, að við séum þeir einu, sem kunni að stjórna? Sem er það sanna auðvitað. En það getur auðvitað vel verið, eins og ég segi, að það verði

hægt um ýmsar breyt-

ingar til að byrja með. Hermann Jónasson er að ýmsu leyti stjórnvanur og hygginn maður. Hann hefur sjálfsgagt lært það, að slikur eins og var t.d. á fyrstu mánuðumum árið 1934, þegar hann tók við völdum, er ekki til mikilla heilla. Það kann líka vel að vera, ég er ekkert fjarri því, að Hermanni sjálfum finnist nú kankske viðhorfið vera eitthvað breytt, þegar hann er tekinn við ríkisstjórn. Að honum finnist nú hann ekki lengur staddur á eyðimerkurgöngu, heldur sjálfur-~~se-han~~ staddur í einu mesta góssenlandi veraldar. Og það getur vel verið, að þetta hafi líka einhver áhrif á stjórnarstefnuna. Sannleikurinn er nefnilega sá, að allt talið um erfiðleikana, sem biði þessarar stjórnar, þetta er tilbúið. Þetta er þáttur í skröksögunni, sem átti að peyta hræðslubandalaginu til valda. Íslenzka þjóðin hefur aldrei átt við meiri velmegun að búa en á undanförnum árum, og möguleikarnir til þess að viðhalda þeirri velmegun, ef rétt er á haldið, hafa aldrei verið meiri, hafa aldrei jafnast á við þá möguleika, sem nú eru fyrir hendi. Það eru ýmis minniháttar atriði, að sem að eru, atriði, sem þessir menn hafa í hendi sér að lagfara, aðeins ef þeir vilja, vegna þess að það fyrst og fremst sjálfum þeim að kenna. En þaunverulegur styrkleiki íslenzks efnahagslifs, möguleikarnir til stórkostlegrar framvindu og framfara, meiri en nokkru sinni áður, hafa aldrei verið svipaðir. Við þurfum ekki annað heldur en renna huganum til þess, að ef sú gjörbreyting yrði nú á aðstöðunni, se- frá því sem verið hefur síðustu 11-12 árin, að síldveiðin færi að verða fyrir Norðurlandi á sumrin, nú þá hafa ís-

lendingar meiri tekjur, mun meiri tekjur heldur en peir nokkru sinni hafa haft áður. Þá eru þessir landsfjórðungar, t.d. Norðlendingafjórðungur, Vestfirðingafjórðungur og Austfirðingafjérðungur, sem var verið að tala um, að hefðu verið settir hjá, og vissulega er rétt, að hefð hafa ver orðið aftur úr, peir hafa orðið aftur úr vegna þess að atvinnuvegurinn brást, sem hefur verið peirra uppistaða. Ef síldveiðin bara héldi áfram, ef stöðvaðist, ekki, eins sagt og var sagt að hún hefði stöðvast í dag, ef hún heldur áfram næstu vikurnar, þá er íslendingar orðnir tekjuhæstu menn veraldarinnar nú þegar, hvað þá ef þessum peningum er skynsamlega varið til eflingar atvinnutækjanna, eins og við Sjálfstæðismenn ætið höfum haldið fram að ætti að vera. Me

Nei, sannleikurinn er sá, að það hefur aldrei nein ríkisstjórn sezt að völdum á Íslandi, sem á hægari leik, þegar hún tók við völdum, sem á meiri möguleika til þess að láta gott af sér stafa heldur en þessi ríkisstjórn. Og ef hún hefði viðsýni, manndóm og prek til þess að hefjast sig upp yfir sitt ógiftusamlega upphaf og leita samvinnu við alla landsmann, hverfa frá hótunum um ofsóknir og misrétti og reyndi að verða stjórn allrar þjóðarinnar, þá mundi starf hennar hafa ~~all~~ skilyrði til þess að verða í raun og sannleik heillaríkt.

Við Sjálfstæðismenn bíðum og sjáum hvað verða vill. Og það mun sannarlega ekki á okkur standa til stuðnings við góð mállefni. En, ~~og~~ það skuluð þið leggja áherzlu á, við munum öll sem einn maður snúast til andstöðu við ofsóknir, afglöp og misferli. Við munum enn sem fyrr

verða okkar gamla kjörorði trúir: að gjöra rétt og pola ekki órétt. Og við munum ekki láta leiða okkur einn og einn til slátrunar meðan hinir biða í trausti á innantóman fagurgala og fláræði, heldur munum við sannabetur nú en nokkru sinni fyrr, að Sjálfstæðisflokkurinn er sterkasta stjórnmálaaflið í þessu landi og það stjórnmálaaflið, sem með engu móti verður brotið á bak aftur. Að tala um það, að það sé hægt að kippa fjárhagsstoðunum undan Sjálfstæðisflokknum, en talið um það er eitt mesta sameiningaraaflið innan þessarar ríkisstjórnar og með því sé hægt að leggja Sjálfstæðisflokkinn að velli. Allt slikt tal er gersamlegur mis-skilningur bæði á eðli stjórnmálanna eð, á eðli Sjálfstæðisflokkssins og eðli íslenzku þjóðarinnar. Og Sjálfstæðisflokkurinn á ekki skilið að vera sá stóri og öfugi stjórnmálaflokkur, sem hann er, ef hann getur ekki polað nokkurra mánaða, nokkurra ára, eða nokkurra margra ára ofskokn og óstjórn, ef í það fer. Við munum sýna, að við erum sá sterki og skíri málmur, sem heröist við hverja raun og þó fyrst og fremst þá skulum við í öllu okkar starfi sýna, að við munum setja heill Íslands ofar öllu í okkar verkum.

Að lokum vil ég segja það, að í dag læt ég nú af störfum sem ráðherra, eftir það að hafa gegnt því starfi í 9 1/2 ár, samfleytt, þar áður hafði ég verið nokkur ár borgarstjóri hér í Reykjavík, þannig að nú í tæp 16 ár hefi ég verið í einskonar oddvitastöðu í stjórnmálum meðal trúnaðarmanna þessa flokks og ég vil ekki neita því, að stundum hefur um mig blásið í þeirri baráttu og ekki ætið verið skjól, en ég hefi

vitað, að ætið hefi ég átt bæði skjól,  
traust og fylgi, og það á meðal fulltrúaráðs  
Sjálfstæðisflokksins hér í Reykjavík. Það  
er ykkar óbrigðula fylgi og trúnaður við  
mig, sem hefur gefið mér styrk til þess að  
vera í þessari baráttu og ég heiti ykkur því,  
að hvar sem ég verð staddur á næstu árum og  
hvar sem þið eruð stödd, þá skulum við öll  
vinna saman af meiri einlægni, meiri krafti,  
meiri bjartsýni, polgæði og öryggi, flokki  
okkar og Íslandi til góðs heldur en nokkru  
sinni áður.

Ræða Bjarna Benediktssonar,  
forsætisráðherra, á  
Flokkssráðsfundi 15. okt.  
1966

Samkvæmt skipulagsreglum Sjálfstæðisflokk-

ins þá skal boða flokkssráð til fundar minnst

eina sinni á ári við upphaf hvers reglulegs

þings, og er boðað til þessa fundar í samræmi  
við þetta ákvæði, en verkefni flokkssráðs  
segir að flokkssráð markar stjórnmálastefnu  
flokkssins, ef ekki liggja fyrir ákvarðanir  
landsfundar. Þetta er hið almenna ákvæði.

Jafnt ákvæðinu um formannaráðstefnu, er tekið  
fram að halda skal ráðstefnu formanna allra  
Sjálfstæðisfélaga og annara flokkssamtaka þau  
ár, sem landsfundur er ekki haldinn. Heimilt  
er miðstjórn að fella saman flokkssráðsfund  
og formannaráðstefnu. Því miður var því ekki  
við komið að þessu sinni, að hafa formanna-  
ráðstefnuna samtímis þessum fundi, en það  
verður athugað síðar í haust hvort tiltækilegt  
þyki að kalla hana til sérstaks fundar og  
mundi ég verða þess hvetjandi ef svo væri gert  
í samræmi við flokksreglur, ef ekki koma sérstakar  
hindranir, en þá mundi að sjálfsögðu óþarft  
fyrir þá flokkssráðsmenn, sem eru á þessum fundi  
og ef til vill eru einnig formenn félaga úti  
á landi að endursækja þann fund, en það liggur  
til betri athugunar, eins og ég segi.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá  
á flokkssráð að marka stjórnmálastefnu flokkssins  
ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar.

Það er þess vegna eðlilegt að við nú í upphafi  
þessa fundar reynum að gera okkur grein fyrir  
okkar megin stefnu og hvernig tekist hefur að  
fylgja henni og hver vandamál séu einkum fram-  
undan. Jafnframt því sem einnig þarf að skoða  
hvaða horfur séu xum kosningaúrslit næsta vor  
og hvort einhverjar sérstakar ráðstafanir þurfi

að gera til undirbúnings þeim kosningum.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð í nóvember 1959, lýsti þáverandi forsætisráðherra og þáverandi formaður okkar flokks meginstefnu þeirrar stjórnar á þá leið, að hún ætti að tryggja heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins svo framleiðsla aukist sem örast, atvinna haldist almenn og örugg og lífskjör geti enn farið batnandi. Segja má að þessi meginstefna sé ekki einungis meginstefna núverandi ríkisstjórnar, heldur hafi einnig verið meginstefna okkar flokks á því árabili, sem síðan er liðið. Það má raunar segja, að þetta sé stefna sem ætla mætti að allir stjórnmálauflokkar gætu verið sammála og ágreiningurinn væri einungis um það, hver úrræði væru vænlegust til þess að ná þessari stefnu, að komast áleiðis í þá átt, sem hún segir til um. Og um það verður ekki deilt enda er það játað ekki síður af andstæðingum heldur en okkar Sjálfstæðismönnum, að það er einkum okkar úrræði, úrræði frelsis og framtaks, sem mótað hafa ákvárdanirnar þetta síðasta tímabil, og það sem þá er deilt þegnúverandi ríkisstjórn og fundið að hennar gerðum er einmitt þetta, að of mikið frjálsræði hafi ríkt, að einstaklingsframtakinu hafi verið gefin of laus taumur. En er það þá svo, að við getum sagt, að þessari meginstefnu hafi verið náð eftir þeim úrræðum, sem við höfum til vísað. Og þá hygg ég, að ekki verði um það deilt, að á þessu tímabili hafi framleiðsla aukist mjög ört. Framleiðsla og þjóðartekjur hafa á þessu tímabili, þegar litið er á það í heild aukizt örarár heldur en á

nokkru öðru jafn löngu tímabili í Íslands-sögu og örar heldur en með flestum öðrum þjóðum, sem við höfuð spurnir af. Það er hvort tveggja til að dreifa, bæði framleiðslu-aukningunni og hagstæðri verðlagsþróun mikinn hluta tímabilsins. Þar hafa raunar orðið sveiflur á, en í heild má segja að verðlags-þróunin hafi verið okkur hagstæð. Nú er því að vísu haldið fram, að þessi framleiðslu-aukning sem orðið hefur og engin vífengir sé ekki að þakka okkar úrræðum. Þar sé afli. Þar sé ný tækni. Þar sé hagnýting vínsinda, sem úrslitum hafa í ráðið. En án frjálsræðis-ins. Án einstaklingsframtaksins hefði allt þetta orðið að litlu gagni og í raun og veru án atbeina ríkisvaldsins, sem við höfum fylli-lega átt okkar hlut að til þess að afla atvinnutækjanna til þess að aðstoða einstakling-anna í öflun atvinnutækjanna hefði þessi mikli auður ekki borizt hingað á land. En um það er ekki deilt, að framleiðsla og þjóðartekjur hafa aukizt mjög ört á þessu síðasta tímabili, ef einungis er miðað við árabilið frá því 1960 fram til 1965 má segja, að raunverulega þjóðratekjur hafi á þessu tímabili aukizt sem næst þriðjungi og er það vissulega mikið á ekki lengri tíma. Um það þarf ekki heldur að deila, að atvinna hefur haldist almenn og örugg víða á landinu og þar sem fólksfjöldi er mestur þar hefur beinlínis verið skortur á vinnuafli. Önnur hérud hafa raunar oft reynzt ver sett en þar hefur ríkisvaldið reynt að hlaupa undir bagga og bæta úr bráðum vand-ræðum. Svo að ýkjulaust má segja, að atvinnu-ástand í heild hafi aldrei verið verkalyð- og almenningihagstæðara um jafn langan tíma,

eins og á þessu undanfarna tímabili. Lífskjörin þau hafa fylgt þjóðartekjunum á þann veg, að allar skýrslur og sjálfssraun hvers einstaklings ber um það vitni, að lífskjörin hafa aukizt eða batnað raunar nokkru meira, heldur en nemur aukningu raunverulegra þjóðartekna. Öruggar heimildir eru fyrir því, að atvinnustéttirnar hafa frá árinu 1960, svo við það sé miðað bætt hag sinn milli 33 og nokkuð yfir 40 af hundraði þ.e.a.s. fengið riflega sinn hlut af stórauknum þjóðartekjum. Það er því einnig hægt að fullyrða að þetta er eitt mesta, ekki einungis eitt heldur mesta velgengnitímabil, sem almenningur á Íslandi hefur notið. Það getur verið að einstök góð ár eða tekjuár hafi fært með sér meiri tekjubreytingu heldur en orðið hefur til jafnaðar á þessu tímabili, en síkt góðæri hefur þá aldrei staðið svo lengi, enda er þá um algjörar undantekningar að ræða og hæpið að tala um góðæri í raun og veru, eins og þegar varnarliðsvinnan kom hér í upphafi seinna heimsstríðsins og gerði þúsundir Reykvíkinga að matvinnungum á ný, eftir að þeir höfðu þolað sult og harðræði, atvinnuleysi tímabilið milli 1930-1940.

En hefur þetta þá orðið til þess. Þessi mikli lífskjaraabati, hefur hann orðið til þess að veikja grundvöll efnahagslífsins. Um það eru einnig skýrslur sem segja, að fjármagn í ýmis konar tækjum, húsum, vélum, skipum og öðru slíku, sem atvinnutækin þurfa á að halda, að þau verðmæti, sem í þessum ~~x~~tækjum eru fólgin hafa raunverulega ekki minnkandi í krónum, heldur sönnum verðmætum aukizt um nær 50 af 100 á tímabilinu frá árslokum 1958-1965, sem sannar örugglega, að atvinnuvegirnir

hafa á þessu tímabili átt þess kost og notað sér þann möguleika að gera sína stöðu tryggari heldur en nokkru sinni fyr. Þannig að tví-mælalaust þá er grundvöllur efnahagslífsins nú heilbrigður. Hann er öruggari. Hann stendur fleiri og fastari fótum heldur en við höfum áður spurnir af. Þetta breytir ekki því, að einstakar atvinnugreinar og einstök atvinnufyrirtæki kunna að hafa við örðugleika að etja, en þessi staðreynd hún styðst einnig af því, að tekizt hefur á þessu tímabili að búa atvinnufyrirtækjunum mun hagstæðari skattalög heldur en þau áttu áður við að búa, þannig að sanngjarnir atvinnurekendur viðurkenna nú, að hér sé vel hægt að reka fyrirtæki vegna skatta gagnstætt því sem áður var, þar sem þá var á löngu tímabili nánast ógjörlegt nema þá með stórkostlegum skattsvikum.

Ég hygg að það verði þess vegna ekki um það efast, að okkur hefur tekizt að ná mjög langt fram eftir þeirri leið, sem okkar látni forustumáður Ólafur Thors, vísaði bæði þjóð og flokki, þegar hann tók við völdum í nóvember 1959. Hitt skulum við svo játa, að ~~þekktugk~~ auðvitað hefur sumt tekizt ver og öðruvísi en skyldi og við skulum gera okkur ljóst, að nú eignum við að etja við alvarlega örðugleika í sumum höfuð atvinnugreinum landsmanna, sem að nokkru leyti er að kenna því að ekki hefur tekizt að ráða við verðbólguna og að öðru leyti eru þar um að ræða, eins og ég mun víkja að á eftir ástæður, sem eru margþættar og verða seint til öllu útilokaðar úr íslenzku þjóðlifi.

Við skulum gera okkur þess fulla grein, að hvorki núverandi ríkisstjórn né þeim

fjórðung hefur tekizt að ráða við verðbólguna, eins og hugur þeirra hefur staðið til og þær hafa marg oft lýst yfir, að þær mundu leggja sig fram um að gera. Æg verð að segja, að það er vandamál, sem ég hlýt og hef velt mjög fyrir mér, hvernig stendur á því, að okkur á Íslandi skuli ganga ver en ýmsum öðrum, að ráða við þennan vanda. Hvernig stendur á því, að hér skuli verða meiri verðhækkanir og verðlag vera óstöðugra, þegar einmitt mætti ætla að atvik væru slík að hér gæti verið meiri stöðugleiki, eins og í fljótu bragði mætti ætla miðað við síðustu ár. Því að óumdeilanlegt er, að yfirleitt hefur verið fast verðlag og ekki hækkanandi á okkar innflutningsþörfum nú um alllangt skeið og úr því að við eignum við að búa þjóðfélag, sem þarf á meiri innflutningi að halda heldur en önnur þjóðfélög, sem við þekkum, af hverju hefur okkur ekki þá engu að síður tekizt miður en mörgum þessara þjóðfélaga að halda hér föstu verðlagi og verðhækjunum, verðbólgu niðri. Þetta er vissulega íhuganarefni, sem ekki einungis stjórnendur, heldur einnig forustumenn okkar flokks, og raunar allir kjósendur hljóta að gera sér grein fyrir.

Vegna þess, að vandin verður ekki leystur nema menn átti sig á í hverju hann er fólginn og okkar verk og annara verður ekki dæmt nema menn geri sér grein fyrir öllum aðstæðum.

Nú er það óumdeilanlegt, að í okkar stjórnartíð hefur rösklegar og af meiri þekkingu og meiri samkvæmni en láður verið reynt að berjast á móti verðbólgunni. Æg hygg þó, að árangurinn sé svipaður, ég nenni ekki að fara út í samanburð á því, hvort að verðhækkanir hafi orðið

meiri eða minni á þessu tímabili heldur en áður.

Það er ljóst, að það hlýtur að skekkja mjög myndina, að þegar að við tókum við þá urðum við strax að fella gengið, ekki vegna okkar eigin aðgerða, heldur vegna þess ástands, sem áður hafði skapast og þannig má færa ýmsar skýringar fram, en ég læt mig slíkan samanburð á milli ára litlu skipta. Það er óumdeilanlegt, að við höfum reynt flest þau úrræði, sem annars staðar eru notuð á móti verðbólgu og athyglisvert er, að þeir sem mest skamma okkur nú fyrir að hafa ekki ráðið við verðbólguna eru að segja má undantekningalítið á móti einmitt þessum úrræðum sem hvarvetna annars staðar eru talin frum-skilyrði fyrir því, að við verðbólgu verði ráðið og það er víst, að án þeirra verður ekki við hana ráðið.

A þessum tímabili og ekki sízt nú á síðustu tveimur árum, þá hefur okkur tekizt að ná betra samkomulagi við verkalyðsfélögin heldur en oft áður, þannig að samningsgerð af þeirra hálfu hefur verið mótuð meiri hófsemi, heldur en löngum hefur verið.

Sjálfur hafði ég oft haldið því fram, að ein höfuð orsök verðbólgunnar hér væri hóflaus kröfugerð verkalyðsfelaganna og launþega.

Nú er engin vafi á því, að sú samningsgerð, einkanlega sem tókst 1964, dróg mjög úr verðbólguvexti. Samningsgerðin 1965 hún varð ekki eins hagkvæm. Þar mátti greina á milli tvenns, annars þegar Hvítasunnusamninganna, sem gerðir voru við félögin á Norður og Austurlandi, þar sem ríkisstjórnin var beinn aðili og mátti segja að leiddi til hóflegrar hækunar. Aftur á móti voru samningar gerðir síðar um sumarið hér á Suðurlandi, þar sem miklu óvarlegar

var í sakir farið og þar sem ríkisstjórnin átti miklu minni hlut að. Æg er ekki að afsaka stjórnina, heldur einungis að segja frá staðreyndum, þó að hún vitanlega fagnaði þeim samningum sem komust á og gerði sitt til að greiða fyrir með því að samþykkja að ráðstafanir í húsnæðismálum skyldu taka gildi, þó að þær hefðu upphaflega verið miðaðar við miklu hófsamlegri samninga, heldur en endanlega voru gerðir. Eins má á það benda, að sú kauphækkun, sem í sumar var gerð í samningum milli vinnuveitenda og verkalyðsfélaganna, hún er að flestra dómi hófsamleg, milli 3 og 4% í almenna hækkun. En það er einnig til þess að menn viti það rétta, að þeir samningar voru gerðar án forgöngu, án atbeina, að vísu má segja með vitund ríkisstjórnarinnar, en við vörudum við því, að við teldum varhugavert, að semja um slíka hækkun til jafn skamms tíma, eins og samið var. Þó að við hins vegar skildum þær ástæður, sem yrðu til þess, að atvinnurekendur sjálfir töldu sínum hagsmunum bezt henta, að gera pennan samning. En ég tek fram, að öll þessi samningsgerð hún er mun hófsamlegri heldur en við höfðum átt að venjast löngum áður. Jafnframt þá höfum við eins og ég segi með beinum stjórnaraðgerðum barizt á móti verðbólgu. Við höfum átt þátt í vaxtahækkun. Við höfum átt þátt í lánsfjártakmörkunum. Við höfum átt þátt í skattalagabreytingum, til þess að taka umframfé af mönnum ef svo má segja og fleira mætti telja, sem hvarvetna annars staðar er talið, sem frumstæðustu og sjálfssögðustu ráð til þess að berjast gegn verðbólgunni. Það má segja, að af þeim úrræðum, sem aðrir hafa beitt, þá er

einungis eitt, sem núverandi ríkisstjórn hefur ekki viljað beita og kemur ekki til hugar að beita, og það er að stofna til atvinnuleysis, en verkalýðsstjórnin brezka hún hefur ekki treyst sér til þess að ráða við vandann í sínu þjóðfélagi, nema til þess að stofna til stórfels atvinnuleysis, sem svarar til þess, að ríkisstjórnin hér beinlínis efndi til atvinnuleysis - við skulum segja fyrir 1400-2500 manns, sem mundi þykja verulegar atvinnuleysingjatölur hér. Æg hef sagt það, að svo mikils virði, sem ég tel gildi peninganna, að festa þá í verðmæti, þá tel ég ennþá meira virði farsæld borgaranna. Og ef stjórnarstefna þarf að leiða til þess, að vísvitandi sé stefnt að því að svípta stóran hóp borgaranna eðlilegu lífsframfæri, ef til vill ekki af öllum tekjum, heldur möguleikum til þess að neyta sinna starfskrafa, sjálfum sér og þjóðfélaginu til heilla, þá er það úrræði, sem ég vil ekki fallast á. Æg teí meira unnið við það, að allir fái að njóta sinna starfskrafa, Það hljóti til lengdar að verða þeim og þjóðarheildinni til meiri heilla heldur en að grípa til þess ráðs til þess að halda uppi föstu verðlagi, að svípta fjölda manns því sem hans frumstæðasta þrá beinist að, að fá að vinna fyrir sér og sínum.

Við höfum ekki viljað á þetta úrræði fallast. Við höfum heldur ekki viljað eða talið hyggilegt að beita lögþvingun, ekki vegna þess að við teldum, að hún geti aldrei komið til greina, heldur vegna þess, að hún muni ekki ná tilætluðum árangri. Hún muni, eins og sakir standi hér, frekar auka vandann

heldur en að draga úr honum. Þess vegna verði í lengstu lög að reyna að ná frjálsu samkomulagi og eins og ég segi þá má í stórum dráttum segja, að sú viðleitni hafi borið meiri árangur nú síðustu tvö árin, heldur en lengstum áður.

Þrátt fyrir alla þessa viðleitni þá er það eins og ég segi, óumdeilanlegt, að hér hefur verið óstöðugt verðlag og hækkandi verðlag. Og hvernig stendur þá á því?

Ein skýring er sú, að því er haldið fram að ef mjög örar framfarir, framkvæmdir, lífskjaraþætur, hvernig sem við viljum orða það eigi sér stað. Ef menn vilja byggja upp á skömmum tíma það sem vanrækt hafði verið að gera öldum saman áður, þá sé mjög örðugt og hafi raunar öllum reynst ógerlegt, að gera það án nokkurar verðbólgu. Það er ekki okkur til neinnar huggunar, þó að við vitum, að það er víða miklu meiri verðbólga heldur en á Íslandi. Til þess þurfum við ekki að fara til Afríku eða Asíu. Við getum farið í gömul menningarlönd, eins og í Suður-Ameríku, sem að ýmsu leyti hafa orðið aftur úr og eru nú að gera það, sem nágrannar þeirra í Norður-Ameríku gerðu fyrir 100 árum. Í mörgum þessara landa er miklu meiri og örari verðbólga heldur en á Íslandi. Og stjórnarvöldum, jafnvel einræðisherrum, sem stjórna með hervaldi hefur gerzt ógerlegt að ráða við þetta. Ég sá grein eftir einn frægan bandarískan sagnfræðing, einn helzta ráðgjafa Kennedy's heitins forseta, þar sem hann sagði; "Verðbólga er óumflýjanleg á slíku umþyldingaskeiði eins og í þessum löndum er". Og verðbólga átti sér einmitt stað á 19. öldinni í Bandaríkjunum meðan þau voru á þessu stigi. Látum þessar skýringar vera,

það getur vel verið að þær eigi að einhverju leyti einnig við okkur. Okkar kynslóð og sú næsta á undan hefur orðið að byggja upp landið, sem tekið var við örsnauðu, eftir að Íslendingar höfðu lifað í því rúmar 30 kynslóðir, rösklega þúsund ár. Það er eðlilegt, að slíkir umbyltingartímar ásamt stórkostlegum fólksflutningum innanlands séu ekki sérstaklega lagaðir til þess, að tryggja öryggi pappírs-peninga. Síkt þarf í raun og veru engan að undra. Þetta eru almennar ástæður, sem ekki eiga sérstaklega við okkur frekar en aðra og okkur hefur tekizt m.a. með þeim ráðum, sem ég taldi upp áðan að ráða við verðbólguna miklu betur, heldur en mörgum öðrum þjóðfélögum, sem við svipaða uppbyggingu hafa staðið eins og við. Þetta skulum við játa um leið og við játum og gerum okkur grein fyrir í hverju okkur hefur mistekizt. En er það þá svo, að hér séu að sumu leyti sérstakar aðstæður, sem geti skýrt, að það sé erfiðara fyrir okkur að halda jafnvægi og festu í fjármálum, heldur en hjá öðrum.

Við skulum þá fyrst gera okkur grein fyrir því, að þjóðfélag okkar er með þeim allra minnstu í heiminum og það er auðsætt og hefur oft verið sagt áður, að það er erfitt að halda jafnvægi á lítilli bátskænu, erfiðara að halda henni í jafnvægi, heldur en að halda stóru hafskipi í jafnvægi. Hingað kom í sumar bankastjóri sunnan úr Israel, sem ég hafði hitt þar, formaður í íslenzk-ísraelska féluginu. Hann var að tala um ástandið í sínu landi og sagði: "Eins og þú veitz þá er nú mjög erfitt í jafn litlu þjóðfélagi, eins og hjá okkur, að halda fullu jafnvægi."

Enda gerðist það þannig, að á einum eða tveim mánuðum frá því að hafa nokkra tugi atvinnuleysingja, þá höfum við allt í einu fengið 30 þúsund atvinnuleysingja, af því að stjórnin var of harðhent í aðgerðum gegn byggingar-iðnaðinum. Það mundi svara til þess, að hér væru milli 2-3000 atvinnulausir. Ef Israel, sem 10-15 sinnum mannfleira en við, er svo lítið, að það á erfitt að halda jafnvægi, þá á það ekki síður við um okkur. Við vitum það einnig, að vegna smæðarinnar, þá hlýtur ætíð að hlaðast margfaldur kostnaður á hvern íslenzkan mann til vissra þarfa miðað við það sem aðrir verða að bera.

Ef við lítum á tölurnar einar, þá er það auðvitað ljóst, að hver Íslendingur verður vegna æðstu stjórnar landsins, vegna utanríkisbjónustu, vegna vegagerðar, vegna spítalahalda, sjúkrahúsa og ýmis konar skóla, ýmis konar annara þarfa, að greiða miklu hærri upphæð heldur en maður, sem býr í þéttbýlu stórlandi. Engu að síður þá höfum við að eigin raun fundið það, að það borgar sig miklu betur fyrir Íslendinga, að greiða mikið fé til þess að ahfa æðstu stjórn inni í landinu. Sína eigin utanríkisstjórn, heldur en að borga ekkert fyrir æðstu stjórn landsins sitjandi úti í Kaupmannahöfn og utanríkisbjónustu í höndum erlends ríkis. Ein, að vísu einungis ein, en ein af ástæðunum fyrir kyrrstöðu á Íslandi í 1000 ár var það, að menn lögðu ekki fé í kostnað við eigin æðstu stjórn, heldur lutu annara forsjá. En í beinum útgjöldum og á fyrsta stigi þá kostar það mikið fé, að halda uppi sþjálfstæðu ríki fyrir jafn fámenna þjóð, eins og Íslendingar,

og menn verða um það að velja. Vilja þeir taka á sig þessar byrðir eða kasta þeim af sér, hætta að vera sjálfstæðir og taka afleiðingu af því. Enginn Íslendingur myndi velja síðari kostinn. En það er ekki nóg með að það komi á okkur margfaldur beinn kostnaður með þessum hætti miðað við aðra, heldur bætist það ofan á, hversu atvinnuvegir okkar eru fáir og einhæfir. Við vitum, að við lifum hér fyrst og fremst á sjávarútvegi, á landbúnaði á mjög frumstæðum iðnaði eða smáiðnaði. Þetta eru okkar höfuð atvinnuvegir. Aðrar þjóðir stærri og öflugri þær hafa fjölbreyttari fiskveiðar. Þær hafa miklu fjölbreyttari landbúnað. Þær hafa óendanlega fleiri iðngreinar og öflugri heldur en við. Þess vegna varðar þá í raun og veru ekki svo miklu þó að einn þessara atvinnuvega bregðist, þó að akuryrkja í einhverjum hluta Noregs gangi illa, svo að við tökum ekki stærra land. Þó að síldveiðar við Noregsstrendur bregðist. Þó fiski gangi ver en skyldi, Þó að einhver iðnfyritaeki í Noregi þurfi að gefast upp. Norskur þjóðarhagur stendur nokkurn vegin jafn féttur eftir sem áður. Hér vitum við aftur á móti að allt riðar, ef síldveiði gengur misjafnlega, Ef hraðfrystihúsin fá ekki þá efnivörðu sem þarf, þá er það ekki einungis þeirra ógæfa og þeirra sem við þau vinna, heldur er það einnig merki þess, að sjómennirnir fá ekki sitt. Það er að vísu svo, að það er stundum að landbúnaður getur gengið vel í einum landshluta þó að hún gangi ver í öðrum, en oft hafa einnig gengið harðindi um allt land, sem hafa orðið allri þjóðinni

til mikils baga. Og iðngreinarnar, þær eru svo fáar og lítt megnugar, að það er út af fyrir sig, þó að það sér hægt að halda framleiðslu áfram með meira öryggi heldur en í hinum greinunum. Þá eru aftur önnur óvissuatriði, sem koma þar á móti og hver út af fyrir sig minnsta kosti megnar ekki að bæta upp skakka-fall, hvorki af því að aðrar iðngreinar bregðast eða hinir stóru atvinnuvegir, sem ég taldi áður.

Atvinnuvegirnir eru einhæfir. Þeir eru líka háðir stórkostlegur sveiflum, eins og ég sagði. Síldveiði, við höfum horft upp á það, að síldveiði hefur gjörsamlega brugðist, ekki einungis við einn landshluta, heldur hvar-vetna. Miklum hluta þess, sem við áttum afgangs eftir seinni heimsstyrjöldina var varið til þess að byggja upp síldariðnað. Það liðu áratugir og sumpart hefur nokkuð af þessu ekki komist í gagnið enn, vegna þess, að síldin hefur gjör-samlega brugðist á þessum slóðum. Það er ekki lengra síðan í fyrra, að opnað var efnilegt atvinnufyrirtæki hér í næsta nágrenni, sem átti að byggjast á síldveiðum. Síðan það hóf starf-rækslu sína hefur sú síld ekki fengizt, sem þetta atvinnufyrirtæki þarf á að halda, þó að síldveiði landsmanna í heild hafi aldrei verið meiri heldur en einmitt á þessu sama tímabili. Um óvissu landbúnaðarins þarf heldur ekki að ræða. En þá er það einnig svo, að þessar okkar fram-leiðsluvörur ekki sízt síldarafurðirnar, sem gefa af sér meira þegar vel gengur, heldur en nokkur önnur okkar framleiðsla, að þær eru samkvæmt fenginni reynslu háðar meiri verð-sveiflum heldur en aðrar framleiðsluvörur, sem okkur er kunnugt um. Verðsveiflum, sem við

fáum ekki með nokkru móti við gert.

Að árinu 1960 þá urðum við fyrir stórkostlegu verðfalli á síldarlýsi og síldarmjöli, svipað eins og við höfum nú orðið á þessu ári. Frá því í maí í vor er talið að síldarlýsið hafi a.m.k. fallið um þriðjung. Það er ljóst, að þetta mundi valda þjóðarbúinu í heild stórkostlegum skakka-föllum ef þarna vægi ekki upp á móti óvenjulega mikil aflabréögð sem gera það að verkum, að þrátt fyrir allt, þá standa síldveiðarnar sig skaplega, en óvissan er fyrir hendi og stærri sveiflur heldur en séu líklegar til að auðvelda fast og öruggt efnahagskerfi, einkanlega þegar sveiflurnar verða mestar á þeirri vörutegundinni, sem mestar tekjurnar gefa. Og einmitt þessi einhæfni atvinnuveganna og hversu þessir einhæfu atvinnuvegir eru sveiflum kenndir, gera það að lífs-nauðsyn, þjóðarnauðsyn fyrir Íslendinga, ef við viljum nýta okkar land og lifa hér farsælni til frambúðar, að nota öll landsins gæði, til þess að skapa meira öryggi og jafnvægi. Þess vegna mun það lengi þykja í frásögu færandi, að nokkrir menn skyldu snúast á móti virkjun Þjórsár og byggingu álbraðslu, Hvort tveggja markar tímamót, Ekki vegna þess, að þetta sé eitt út af fyrir sig svo stórt verk. Það varðar ekki öllu þó til frambúðar fái 5-600 manns fasta og örugga vinnu við álbraðsluna, eða þó að þarna komi meira og ódýrara rafmagn til almenningsnota, heldur en við áður höfum þekkt, en þarna er ruddur vegurinn. Þarna er stefnt í þá átt, að láta ekki þessar miklu ~~þ~~auðlindir vera farartálma í stað þess að mala verðmæti til gæfu fyrir íslenzku þjóðina. Þessi okkar ein ráðin, gegn okkar einhæfu atvinnuvegum og til þess að losna við sveiflurnar, þau eru

ekki fljótvirk. Þetta tekur langan tíma. En við þessu verður ekki gert nema einhvern tíma sé byrjað og að menn átti sig á því með hvaða ráðum þetta verði gert. Og það er einmitt það sem menn tóku ákvarðanir um fyrr á þessu ári. Ákvörðun, sem ég hygg að ein muni endast til þess að halda hróðri núverandi ríkisstjórnar á lofti um langa framtíð.

Það tjáið ekki að tala um það, að hægt sé að eyða óvissunni afsíldveiðum t.d. með því að ætla að gera úr henni allri gaffalbita. Hvar á að finna markaðinn fyrir það? Eða með öðrum skjótfengnum úrræðum. Við höfum séð það, að það er óskaplega mikil síldveiði við strendur Perú, sem ræður verðlaginu á síldarlýsi og síldarmjöli, sem við framleiðum. Þetta eru efni, sem við ráðum ekkert við. Brestur hjá þessum getur skapað okkur mikinn auð í bili. En yfirfljótanleg veiði skapar okkur örðugleika. Meðan þessi óvissa er, þá tjáir ekki að halda að við getur skapað hér fast og öruggt verðlag. Slíkt er algjör þímyndun. Utan við allan veruleika. Til viðbótar öllu þessu kemur svo það, sem ég mikið að, hversu íslenzkir atvinnuvegir gefa ákaflega misjafnlega mikið af sér. Við skulum líta á sjávarútveginn einn. Við skulum bera saman þau uppgríp, sem menn hafa af síldveiðum, þegar vel gengur eða veiði á litlum mábátum. Menn tala nú um erfiðleika litlubátanna og segja; ja, það er að kenna verðbólguunni, að þeir séu að flosna upp. Þetta er algjör misskilningur. Það er að kenna því, að þeir, útgerðarmennirnir, geta ekki keppt í kjörum við uppgrípin, sem eru á síldveiðunum, og menn fást, með eðlilegum hætti, ekki til að vera á litlu bátunum eða á togurunum, nema

því aðeins að það séu nokkurn vegin sambærileg kjör, sem stéttarbræður þeirra við síldveiðarna hafa. Þetta er ofur skiljanlegt, og eðlilegt. Menn viðurkenna, meiri vinna, meiri uppgrip, eigi að hafa vissan mun í för með sér, en viss samræming verður þarna að vera á milli. Lögmál samkeppninar, samanburðarins liggja alveg eins í þessum efnum eins og öðrum. Menn verða þess vegna að íhuga er hægt að skapa minni bátunum betri aðstæður en þeir hafa nú. Er hægt að gera með auknum veiðiheimildum, án þess að skerð fiskstofninn. Er hægt að gera togaraútgerðina lífvænlegri með því að veita þeim drýgri veiðiheimildir, Með því að krefjast ekki meir af togurunum, heldur en aðrir krefjast af sínum. Nú eru íslenzku togararnir látnir hafa mun ~~maxx~~ stærri áhöfn, þar með meiri kostnað. Þeir eru látnir gjalda skatt af sínu eldsneyti til verksmiðjanna á Austurlandi, sem bræða síldina. Þeir verða að bera 10% toll af þeim fiski, sem þeir flytja til Bretlands, og ef til vill ennþá meira bæði til Bretlands og Þýzkalands áður en langt um líður. Meðan ekki er bætt úr þessum efnum, þá er vonlaust fyrir þessi atvinnutæki að keppa við hin. Það hlýtur að skapast slikt ójafnvægi í þjóðféluginu, að það er í raun og veru tómt mál, að tala um efnahagslegt jafnvægi meðan slikt ástand varir. ] Við skulum einnig horfa á iðnaðinn. Það gefur auga leið, að hinn íslenzki smáiðnaður, hann á mjög erfitt að standast samkeppni við erlenda fjöldaframleiðslu og menn verða að gera upp sinn hug. Vilja menn styðja hinn íslenzka smáiðnað, til þess að halda lífi gegn þessari erlendu fjöldaframleiðslu? En þá verður í fyrsta lagi að gæta þess, að jafnt iðnaður, sem aðrir hafa gott af vissu

aðhaldi. Og það er hætt við spillingu og of miklum kostnaði, ef hann á að vera samkeppnislaus. En jafnvel þó að við viljum, eins og gert hefur verið, veita honum vernd, þá kostar sú vernd það, að við verðum að borga meira verð heldur en ella fyrir vöruna.

Það kemur ekki fyrir þá, sem eru að býsnast yfir verðbólgunni, að segja, ja, nú er verðbólgan líka farin að drepa iðnaðinn. Það er einmitt iðnaðurinn, sem á verulegan þátt í okkar háa verðlagi. Það er ekki hægt að segja að erlend samkeppni væri að drepa iðnaðinn og þess vegna verður að gera ráðstafanir til þess að halda iðnaðinum við. Það er ekki hægt að halda honum við, nema með því að hækka verndartollana, eða veita honum sérréttindaaðstöðu, sem standi á móti því að verðlagið lækki. Þeir menn, sem eru þess vegna og þykjast með þessu móti vera málssvarar iðnaðarins. Þeir eru að berjast fyrir hau og hækkandi verðlagi í landinu að berjast fyrir verðbólgu, ef svo má segja. Nú segi ég alveg hyklaust. Reynslan er býin að kenna okkur, að við verðum að hafa margs konar iðnað í landinu. Ekki einungis á friðartínum, vegna þess að við sjáum að atvinnuöryggi krefst þess, að það séu margir möguleikar til. Við lærðum það á milli stríðsáranna. Þess vegna er mikið á sig leggjandi til þess að hafa iðnað. Við lærðum það líka á stríðsárunum, að það getur verið okkur lífsnauðsyn, að hafa eigin iðnað. Við sjáum það einnig að tilteknum dænum, að ef íslenzkur iðnaður fellur í rústir, þá hækka erlendir framleiðendur sína vörur, þanni að við verðum að borga meira en ella. Þess vegna er íslenzkur iðnaður einn þáttur í því

að halda hér uppi sérstöku og sjálfstæðu þjóðfélagi. En hann kostar það, að við verðum að hafa hærra verðlag en ella. Og mennirnir, sem nú eru annars vegar að skamma ríkisstjórnina fyrir verðbólgu og segja hins vegar; það er verið að drepa iðnaðinn með erlendri samkeppni. Þeir eru að heimta meiri verðbólgu. Þeir eru að heimta meiri verðhækkanir, heldur en að ríkisstjórnin hefur talið verjanlegar. Menn verða að gera sér grein fyrir afleiðingum þess, sem þeir eru að halda fram. Æg segi það nú aftur, það er sjálfsgagt og eðlilegt, að halda iðnaðinum við, en það kostar, að við verðum að hafa þá hærra verðlag. Við verðum að leggja á okkar útflutningsframleiðslu meiri byrðar hlutfallsen aðrir lega heldur/stil þess að þetta verði gert.

Alveg það sama kemur fram gagnvart landbúnaðinum. Æg vil segja það, til þess að taka af því öll tvímæli, að ég tel eins fráleitt, að leggja niður íslenzkan landbúnað eða fjandskapast við íslenzka þjóð eða íslenzkt sjálfstæði. Íslenzkun landbúnaður er eitt af því, sem við verðum að hafa, því að þáttur af okkur sjálfum og Ísland án landbúnaðar, án blómlegra sveita er óhugsandi land. En við skulum þá líka játa, hvað það kostar. Þetta kostar mikið, alveg eins það kostar að vera sjálfstæð þjóð. Við skulum líta á þær tölur, sem nú liggja fyrir. Og við skulum tala um þær alveg í hreinskilni. Ekki sízt vegna þess að hér eru margir bestu forvígismenn bændastéttarinnar inni. Íslenzk löggjöf segir, að íslenzkir bændur eigi að hafa sambærileg kjör við tilteknar stéttir, og allir sanngjarnir menn hljóta að viðurkenna, að það er hóflega í sakir farið. Og það er ekki hægt að ætlast

til þess, að menn stundi íslenzkan landbúnað nema með þeir hafi svipuð kjör eins og barna eru þeim áætlað. En samtímis því, sem síldarútvegurinn og þoskútflutningurinn hefur með litlum tilfærslum getað staðið undir því innlenda verðlagi, sem hefur verið undanfarið og hefur orðið til þess, að sú uppbygging hefur verið framkvæmd, sem ég áður lýsti. Samtímis því, sem þessar atvinnugreinar hafa getað staðið undir verðlaginu, þá eru gögn fyrir því nú, að ef við þurfum að selja mjólkurframleiðslu á erlendum markaði, þá fáum við bara tíundahluta, sem þarf til þess, ef bændur eiga að hafa sambærileg kjör við aðra, og sauðfjárafurðirnar gera eitthvað þriðjung. Nú er þetta ekki eingöngu vegna þess, að Ísland sé svo miklu verra landbúnaðarland heldur en önnur lönd, heldur líka af því að önnur lönd borga svo mikið niður landbúnað hjá sér og gera þess vegna samkeppni þar í spessum efnunum ákvarflega óraunhæfa í raun og veru og skeggjaz myndina. En við komumst aldrei fram hjá því, að landbúnaðurinn, miðað við núverandi aðstæður framleiðir svipað og iðnaður að ýmsu leyti. Hann framleiðir þeim mun minna af verðmætum heldur en topp greinar sjávarútvegsins, að ef við eignum að halda við íslenzkum landbúnaði, eins ág við verðum að gera, þá hlýtur það að leiða til stórhækkanði verðlags innanlands. Þetta er óhjákvæmilegt. Þetta er alveg ljóst, og bændur mega ekki villa um fyrir sjálfum sér, eða láta lýðæsingamenn villa um fyrir sjálfum sér, með því að segja, ja, ef verðbólgan væri læknuð þá væri vandamál íslenzks landbúnaðar þar með læknuð. Þetta er bara ekki rétt. Í fyrsta lagi, það sem hér er talað um og kallað sem verðbólga á seinni árum, það er ekkert

orðið annað en innantómt slagorð. Vegna þess að íþessu verðbólguhjali er nú farið að fela meginhluta allra íslenzkra vandamála, Óg vandamál þess, að íslenzka þjóðin geti verið sjálfstæð og haldið sinni tilveru. Þetta eru staðreyndir, sem við komumst ekki hjá að viðurkenna og staðreyndir, sem ekki verða leystar í neinni skyndingu, með neinu einu úrræði, heldur á löngum tíma, með því að taka hvert mál út af fyrir sig til athugunar og leysa það. Hvað þarf nú til þess að jafna metin innan sjávarútvegsins. Það þarf að jafna þau met. Þá er hægt að lækna verðbólguna að nokkru leyti og stöðva verðlagið. Það þarf að athuga með hverju er hægt að gera íslenzkan iðnað samkeppnisfærari, og er kanskje eitthvað af honum sem má hverfa, vegna þess að hann getur ekki borið sig, og þá er hægt þar með að koma jafnvægi á verðlagið. Hvað er hægt til þess að gera íslenzkan landbúnað samkeppnis-hæfari, þannig að ekki sé hægt að sína fram á að það mundi verka meira til verðlækkunar á innanlands, að flytja inn erlenda landbúnaðar-vörur, heldur en nokkuð annað, jafnvel þar væru hinar erlendu vörur hafðar í hæsta tollaflokki. Þetta verða menn að athuga, og það er auðvitað alveg fráleitt, sem sagt er stundum ja, það á minnka framleiðsluna, það er auðvitað engin lausn. Lausnin hlýtur að vera sú, að auka framleiðsluna hjá þeim sem ódýrast og bezt geta framleitt, en láta hina, sem lítt eða ekki geta framleitt og búa við sult og seyru og hljóta að búa við sult og seyru, fá þeim aðra aðvinnu. En þetta verður ekki gert í dag eða á morgun. Þetta tekur heila kynslóð,

og á að taka heila kynslóð, vegna þess að barna erum við ekki að tala um peningaverðmæti fyrst og fremst. Íslenzka þjóðin er nögu rík til þess að ráðstafa þessu skynsamlega. Þarna er nú verið að tala um gæfu fóksins og líf og menningu þjóðarinnar. En við verðum að átta okkur á því í hverju vandin er fólginn og svo að horfast í augu við hann, þá fyrst er von til þess að við getum ráðið við það mikla verkefni, sem fyrir liggur. Við vitum, að auðvitað verður reynt að snúa út úr því sem við segjum um þetta, að ég segi um þetta, og sagt, ja, þetta er fjandskapur gegn bendum. Þetta er fjandskapur gegn iðnaði.

Þetta er fjandskapur gegn smábátum. Þetta er bara ekki fjandskapur. Þetta er að gera sér ~~x~~ grein fyrir eðli vandamálanna og ef menn gera það ekki, þá verður vandin aldrei leystur.

Vandin verður ekki leystur með góðu samkomulagi stéttarfélaganna, þó að það sé mikilsvert og forsenda fyrir lausn vandas. Vandinn verður heldur ekki leystur með fjármálaráðstöfum, sem hagfræðingarnir æ og æ tala um og eru alveg óhjákvæmilega og eru forsenda þess að vandin verður leystur. Vandinn verður ekki leystur, nema að menn geri sér grein fyrir þeim þjóðfélagslegu örðugleikum, sem við eigm við að etja, sumpart sama eðlis og aðrir, vegna þess að það er alls staðar sami vandin númer, að stéttirnar bera mismunandi úr bínum. Bændur framleiða minna heldur þessar stórkostlega hraðvirku vélar, en vilja fá sambærileg kjör við fólkis, sem við þær vinna. Þetta er vandi, sem menn eiga alls staðar við að etja, en hann er meiri hjá okkur af ýmsum ástæðum, heldur en hjá öðrum. Það er alla að sliga hinn mikli húsnæðiskostnaður.

Það er ekki sér íslenzkt fyrirbæri. Það er

vandamál, sem þarf að leysa jafnt hér og annars staðar. En okkar sérstaki vandi, hann verður ekki leystur nema okkur séx ljóst í hverju okkar sérstaki vandi sé fólginn. Og ég hef reynt að gera ykkur og sjálfum mér grein fyrir því í þessum orðum, sem ég hefi sagt. Þess vegna verður lengi við margt að etja og í þessu er engin skyndilaust.

Það mætti þá spurja, er það rétt sem okkar andstæðingar hafa stundum sagt, að efnahagslögmál þróaðra iðnaðarríkja eigi ekki við hjá okkur. Það getur verið nokkuð til í þessu. Og þess vegna segja þeir; það þarf allt aðrar aðferðir á Íslandi. En niðurstaðan hjá þeim er þá alltaf, það þarf meiri og meiri ríkisafskipti. Meiri og meiri höft. Meiri og meiri nefndarfargan.

Það er engin vafi á því, að við þurfum og án þess að skammast okkur nokkuð fyrir, að gera okkur grein fyrir því, að hér þarf að jafna meira fé á milli atvinnuvega, heldur en við höfum stundum sjálfir vilja viðurkenna. Það þarf að gera það. Og meðal annars þess vegna höfum við nú ráðist í þessar stórfelldu niðurgreiðslur, sem gert hefur verið grein fyrir. En það þarf að halda þannig á þessum ráðstöfunum, að þær leiði ekki til þvingunar. Ekki til hafta. Ekki til aðgerðarleysi á sama veg eins og heildarþróunin frá 1931 þangað til 1959 leiddi. Það þarf að komast hjá þeim annmörkum, sem x̄ af hafta- og ráðakerfinu leiddi, um leið og við viðurkennum, að vegna þess hversu íslenzkir atvinnuvegir gefa misjafnlega af sér, en þjóðarheildin er ein, komumst við ekki hjá meiri jöfnum með tilfærslu fjár á milli atvinnuvega heldur en við út af x̄fyrir sig æskjum eftir að þurfa að skipta okkur af.

Ekkert af þessu, sem ég hefi sagt, sannar að mínu viti að íslenzkir atvinnuvegir séu illa staddir eða ekki öruggir. Það er eðlilegt einmitt vegna óvissunar. Vegna þessara miklu sveiflna, þá hljótum við alltaf að búa við óvissu og sveiflur. Sá sém á sína afkomu undir sjávar-afla, hann hlýtur ætíð að eiga mjög undir aflabréðum. Það er enginn mannlegur mættur, sem fær því breytt. Og það er auðvitað ekki sízt nú að undanförnu, þegar við markvisst höfum unnið að því, að láta almenning fá riflegri hlut af þjóðartekjunum en nokkru sinni fyr, þá er eðlilegt að atvinnuvegirnir segi, þegar þeir komast í erfiðri aðstæður en áður, ja, nú verður að vera nokkur bið á hinni hröðu framsókn. Nú verður að staldra við og einmitt þess vegna þá er þessi verðstöðvun, sem við nú boðum eðlileg og á að ná sínum tilgangi. Það þarf ekki mjög róttækjar ráðstafanir, ef við sjálfir höfum vit á að halda réttu ráði, ef svo má segja, til þess að vandræði skapist ekki að. En það er ljóst að þegar höfuðútflutningurinn missir þriðjungi verðmæti. Ef annar höfuðþáttur útflutningsins fellur t.d. um 10 af hundraði, eins og enn er óvisst með hraðfrysta fiskinn hvort verður, þá er eðlilegt að þetta segi til sín. Þá krefst það annara úrræða heldur en áður. Þá er eðlilegt að menn geti ekki haldið áfram sömu hröðu framsókninni eins og meðan allt læk í lyndi. En það merkir ekki hitt, að hér sé nokkur geigvænleg hætta, voði eða hrún á xferðum. Það er síður en svo. Af atvinnuvegunum hefur ekki verið meira heimtað í heild að undanförnu, heldur en þeir gátu vel undur staðið. Og sú stórkostlega lífskjarabreyting, sem ég gerði grein fyrir, hún var samtímis því, eins og ég segi, að

atvinnufyrirtækin gátu í heild aukið sín atvinnutæki um nær 50% á tímabilinu frá 1958. Þau hafa þess vegna aldrei staðið öruggar heldur einmitt nú. Og aldrei haft betri framtíðarmöguleika. En það er auðvitað hægt héðan í frá að taka meira af þeim en þeir þola, og það er eðlilegt að þau aðvari þjóðina um það, og geri það á þann hátt að menn skilji. Hver á að gera það ef ekki þeir sjálfir og þá segi ég enn í bili er þess vegna eðlilegt, að við beitum okkur fyrir verðstöðvun. Og ef xef við ætlumst til þess að verkalyðsfélögin og launþegar uni slíkum aðgerðum, þá verðum við líka að gera okkur grein fyrir, að það verður að vera almennar ráðagerðir. Við vitum t.d. að kaupsýslumannastéttin telur það vera hallað á sig að undanförnu að álagningarreglur hafa verið látnar standa kyrrar, þegar aðrir fengu að hækka, En ef þeir eiga nú að fá leiðréttingu sinna mála. Menn heyrðu nú á Alþingi í gær hversu ýmsir telja nú að þeirra hagur sé í raun og veru, þeir hafi síður en svo undan nokkru að kvarta. Ég er ekki því sammála, en ég hygg, að þeir geti þó beðið og dokað við meðan við erum að tryggja okkar stöðu til frambúðarsóknar, en þeir verða eins og aðrir að sætta því þá, að þeirra tekjur sér settar fastar með einhverri verðfestingu, ef slíkt reynist nauðsynlegt. Það verður að athugast nánar, en það er rétt að þetta komi nú þegar hér fram. Við slíkar bráðabirgðarástafanir, sem kunna að vera nauðsynlegar, þær segja ekkert til um það, að hér sé grundvöllurinn öruggur, einmitt það að þeir þurfi ekki að vera róttækari eða meiri eftir því sem við fáum nú sér, sýnir hversu grundvöllurinn í raun og veru er öruggur. Og ég vil leggja áherzlu á það, að ein af ástæðunum

fyrir utan sleytulausan árangur okkar andstæðinga, og ef til vill of lina málsvörn okkar sjálfra, okkar meðhaldsmanna, en ein af ástæðunum fyrir því, að fólkis hefur fengið þá tilfinningu fyrir að hér væri allt að hverfanda hveli og að hruni komið, er að menn trúá því einfaldlega ekki, að íslenzka þjóðin hafi efni á því, sem hún veitir sér í dag. Menn trúá því ekki að sé í raun og veru efni á því, að ráðast í allar þær stórframkvæmdir, sem þeir sjá fyrir augunum, að þeir xíhafi efni á því að eiga öll þessi fallegu hús, fallegu húsgögn, alla bílana, að tíundi hver Íslendingur fari á hverju ári til útlanda. Menn segja; þetta er allt brjálað, en það er vegna þess að við höfum efni á þessu. Við höfum stórkostlega aukið okkar eignir undanfarin ár. Við höfum safnað gjaldeyrис sjóðum, stórkostlegum, undanfarin ár. Það getur skeð að gþað gangi ekki eins vel í ár eins og undanfarin ár, en þá er það vegna þess, að framðæiðendur vörunnar hér hafa talið vegna verðfallsins rétt að liggja með miklu meiri byrðir innanlands, heldur en þeir gerðu áður. Íslenzka þjóðin er komin úr fátaðt í það að verða vel stæð. Hún hefur engu að kvíða, en vel stæður maður getur líka hegðað sér þannig að hann verði gjaldþrota. En Íslendingar verða að halda mjög vitlaust á, til þess að leiða örþingð yfir sig á ný, en auðvitað er það mögulegt. En við skulum vona, að svo fari ekki.

